

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk – frystri, samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn lítrar/kg	Verðtollur %	Magntollur kr./lítra
<i>Úr tollskrárn:</i> Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni:				
<i>- Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd:</i>				
ex 0401.2009 -- Annað (ógerilsneydd lífræn mjólk - fryst)	08.07.-31.12.16	ótilgr.	0	0

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. júlí 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Rebekka Hilmarisdóttir.

Baldur Sigmundsson.